

Náttúra fiskirækt  
Sturla Geirsson  
Pósthólf 402  
121 Reykjavík

Reykjavík, 2. júlí 2013

Tilvísun: 201302130 / 5.1

**Efni: Aukin framleiðsla Náttúru fiskiræktar ehf á bleikju um 1000 tonn - ákvörðun  
Skipulagsstofnunar**

Meðfylgjandi er ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu vegna aukinnar framleiðslu Náttúru fiskiræktar ehf. á bleikju um 1000 tonn, skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.



Sigmar Arnar Steingrímsson

Fylgiskjöl: Afrit umsagna.

Afrit af ákvörðun fá: Sveitarfélagið Ölfus, Fiskistofa, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Umhverfisstofnun

# AUKIN FRAMLEIÐSLA NÁTTÚRU FISKIRÆKTAR EHF. Á BLEIKJU UM 1000 TONN, SVEITARFÉLAGINU ÖLFUSI

## Ákvörðun um matsskyldu

### NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að aukin framleiðsla á bleikju úr 200 tonnum í 1.200 tonn á ári í eldisstöð Náttúru fiskiræktar ehf. við Þorlákshöfn sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi og byggingaleyfi Sveitarfélagsins Ölfuss skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012 og skv. lögum um mannvirki nr. 160/2010, sbr. reglugerð um byggingarleyfi nr. 112/2012. Einnig rekstrarleyfi Fiskistofu skv. 7. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi og starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Skipulagsstofnun bendir á að ekki liggur fyrir deiliskipulag svæðisins og þarf Sveitarfélagið Ölfus að tryggja að byggingar- og framkvæmdaleyfi eigi sér stoð í skipulagi. Deiliskipulagið er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Skipulagsstofnun bendir á að skv. 2. tl. 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, skal allt skólp sem rennur til sjávar vera veitt minnst 5 m niður fyrir stórstraumsfjöruborð eða 20 m út frá meðalstórstraumsmörkum, nema slikt sé ókleift sökum landfræðilegra aðstæðna, sbr. 7. tl. greinarinnar.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Náttúra fiskirækt ehf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktílhögun og mótvægisadgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málssins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 6. ágúst 2013.

1. júlí 2013

## INNGANGUR

Þann 14. maí 2013 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Náttúru fiskirækt ehf. um fyrirhugaða aukna framleiðslu fyrirtækisins á bleikju um 1.000 tonn til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Sveitarfélagsins Ölfuss, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Sveitarfélaginu Ölfusi með bréfi dags. 28. júní 2013, Fiskistofu með bréfi dags. 4. júní 2013, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 17. maí 2011 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 14. júní 2013.

## FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

**Fyrirhuguð framkvæmd.** Fram kemur að Náttúra fiskirækt ehf. hafi leyfi fyrir 200 tonna strandeldi á bleikju í fiskeldisstöð sinni við Þorlákshöfn, en nú standi til að auka framleiðsluna í 1.200 tonn. Hönnun stöðvarinnar hafi gert ráð fyrir um  $12.000 \text{ m}^3$  eldisrými en núverandi starfsemi noti um  $6.500 \text{ m}^3$  en til viðbótar verði reist þrjú ný eldisker sem hvert um sig sé  $1.500 \text{ m}^3$ . Til staðar séu þrjár borholur með fersku vatni og níu borholur með jarðsjó og eldisvatn sé útbúið með því að blanda saman ferskvatni og jarðsjó. Til að minnka þörf á vatnsnotkun verði vatn úr eldiskerum endurnýtt eftir að búið verði að dæla í það surefni og fjarlægja úr því koltvísýring, en einnig verði surefni dælt í sjálf eldiskerin. Með þessu móti megi auka nýtingu á eldisvatni og minnka frárennsli frá stöðinni um u.þ.b. 20% miðað við hefðbundnar eldisaðferðir og samsvarandi magn af eldisfiski. Fram kemur að frárennsli frá botni eldiskera fari í safnkassa þar sem öllum úrgangi og dauðum fisk sé safnað, en jángrindur við útrennslu úr eldiskeri og í safnkassa hindri að fiskur berist með affalli frá stöðinni. Notað sé sjálfvirk fóðrunarkerfi og hreinsað sé jafnóðum úr safnkassanum og þannig megi fylgjast með hvort fóður berist frá eldinu og ná fram hagkvæmri fóðrun og hindra að umframfóður berist til sjávar. Frárennsli renni um stokk í átt til sjávar og út fyrir brimvarnargarð þar sem það flæði um klöpp áður en það steypist í sjó fram. Tvö péttirin stálnet séu í fráveitustokknum sem sii frárennslið.

Fram kemur að bleikja sem ala eigi sé af íslenskum stofni. Fóður sem notað verði hafi litarefni unnin úr lífrænum efnum og jafnframt verði engin lyf notuð við eldið. Þó komið verði í veg fyrir að eldisfiskur komist til sjávar frá stöðinni og fylgst með því að umframfóðrun eigi sér ekki stað muni magn saurs frá eldisfiski engu að síður aukast frá því sem nú sé og í hlutfalli við aukið eldismagn. Áætlað sé að losun á næringarefnum til sjávar verði vel undir viðmiðunarmörk um losun skólps samkvæmt reglugerð um fráveitur og skólp. Þar sem affall stöðvarinnar komi í sjó hafi úthafsaldan óhindraðan aðgang að ströndinni og sterkir straumar séu með henni til vesturs. Því muni úrgangur frá eldinu dreifast og þynnast hratt.

**Samræmi við skipulag.** Fram kemur að framkvæmdin sé innan iðnaðarsvæðis samkvæmt Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022. Fram kemur að bæjarstjórn Ölfuss hafi samþykkt uppbyggingu stöðvarinnar á grundvelli samþykkt teikninga frá árinu 1986 og uppfærðra teikninga dags. 23. febrúar 2012.

Fram kemur að neikvæð áhrif á umhverfið verði helst vegna aukins frárennslis úrgangsefna frá stöðinni og til sjávar í samræmi við aukið eldismagn frá því sem nú sé. Við stöðvun á rekstri stöðvarinnar muni mengun hætta að berast til sjávar og því verði um afturkræf áhrif á umhverfi að ræða.

Náttúra fiskirækt ehf. telur að stækkun fiskeldisins muni ekki hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

**Almennt.** Fram kemur í umsögnum Sveitarfélagsins Ölfuss, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Umhverfisstofnunar það álit að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Umhverfisstofnun telur að aukið magn mengunarefna sem berast muni með fráveituvatni til sjávar muni líklega ekki hafa í för með sér umtalsverð áhrif á nánasta umhverfi við op fráveitulagnarinnar. Í væntanlegu starfsleyfi muni stofnunin setja skilyrði um losunarmörk í frárennslisvatni og einnig reglulega vöktun á fráveitunni og umhverfi hennar. Í því sambandi muni Umhverfisstofnun einnig skoða nánar frágang frárennslisins í sjó.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða aukna framleiðslu á bleikju í fiskeldisstöð Náttúru fiskirækar ehf. við Þorlákshöfn, úr 200 tonnum í 1.200 tonn á ári. Upprunaleg hönnun stöðvarinnar gerði ráð fyrir  $12.000 \text{ m}^3$  eldisrými. Núverandi starfsemi notar um  $6.500 \text{ m}^3$ , en með breytingunni verður þremur nýjum eldiskerum bætt við, alls um  $4.500 \text{ m}^3$ . Frárennsli frá stöðinni mun renna til sjávar um núverandi frárennslisstokk.

Framkvældin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif framkvæmdarinnar felist í því að meiri mengun mun berast til sjávar miðað við núverandi starfsemi. Fyrir liggur að áætlaður styrkur næringarefna í fráveitu frá stöðinni til sjávar verður vel undir viðmiðunarmörkum um losun skólpum samkvæmt reglugerð um fráveitur og skólp. Með hliðsjón af þessu og að líklegt er að styrkur þeirra í sjó muni þynnast hratt þar sem útfall frárennslisins kemur að sjó, telur Skipulagsstofnun ekki líklegt að áhrif mengunarinnar verði umtalsverð.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Náttúru fiskiræktar ehf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Náttúru fiskiræktar ehf. vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að aukin framleiðsla á bleikju úr 200 tonnum í 1.200 tonn á ári í eldisstöð Náttúru fiskiræktar ehf. við Þorlákshöfn sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvældin er háð framkvæmdaleyfi og byggingaleyfi Sveitarfélagsins Ölfuss skv. 13. gr. skipulagslagu nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012 og skv. lögum um mannvirki nr. 160/2010, sbr. reglugerð um byggingarleyfi nr. 112/2012. Einnig rekstrarleyfi Fiskistofu skv. 7. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi og starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Skipulagsstofnun bendir á að ekki liggur fyrir deiliskipulag svæðisins og þarf Sveitarfélagið Ölfus að tryggja að byggingar- og framkvæmdaleyfi eigi sér stoð í skipulagi. Deiliskipulagið er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Skipulagsstofnun bendir á að skv. 2. tl. 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, skal allt skólp sem rennur til sjávar vera veitt minnst 5 m niður fyrir stórstraumsfjöruborð eða 20 m út frá meðalstórstraumsmörkum, nema slíkt sé ókleift sökum landfræðilegra aðstæðna, sbr. 7. tl. greinarinnar.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Náttúra fiskirækt ehf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktílhögun og mótvægisaðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 6. ágúst 2013.



Rut Kristinsdóttir



Sigmar Arnar Steingrímsson